

Myndbandið “Hvernig verður mjólkinn til? Hluti 1”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- til hvers er mjólk
- án afkvæmis er engin mjólk
- íslensku mjólkurdýrin með afkvæmum: kýr, sauðkindur, geitur
- náin tengsl á milli manns og mjólkurdýrs – fyrr og nú
- í þúsund ár var mjólkurfæði ómissandi fyrir Íslendinga til að lifa af

Kornvörur voru undirstaða fæðis Miðevrópubúa – á Íslandi hins vegar var lengst af erfitt að rækta korn. Fiskur, kjöt og sérstaklega mjólkurvörur gerðu Íslendingum kleift að lifa samt af í þúsund ár. Náin tengsl og vinátta myndaðist á milli mjólkurdýra og mannfólks, sem er í mörgum tilfellum enn undirstaða mjólkurbúskapar í dag.

Í miðöldum þegar loftslagið var hlýrra voru nautgripir og þar með mjólkurkýr talsvert algengari en seinna þegar það kólnaði. Þá tók harðgerðari sauðkindin við sem aðalmjólkurdýr á Íslandi – fram á 1910 til 1920, þegar kúnum fjölgaði á ný og nýting sauðamjólkur til manneldis nærri hvarf á mjög stuttum tíma. Enn í dag heyrir það algjörum undantekningum til að ær séu mjólkaðar til að selja afurðir úr þeim. Nyt íslenskra mjólkurkúa hefur stórauðist innan fárra áratuga, þannig að íslenski mjólkurkúastofninn getur auðveldlega séð um alla mjólkurþörf Íslendinga og ferðamanna, þrátt fyrir vaxandi íbúa- og ferðamannafjölda. (Vaxandi innflutningur mjólkurvara stafar því ekki af nauðsyn, heldur af hagsmunum innflytjenda og verslana – sjá myndbandið “Of dýrt?”.)

Síðustu árin hefur mjólkurframleiðslan verið umdeild hjá sumum m.t.t. dýravelferða. Mikilvægt er að vita að þetta samspil mjólkurdýra og mannfólks hefur þróast í mörg þúsund ár – í öðrum þjóðum um allan heim eins og hjá Íslendingum. Maðurinn tekur við hlutverki afkvæmis sem sýgur móðurina. Þess vegna líður mjólkurdýrum vel þegar þau eru mjólkuð; það liggur jafnvel í eðli þeirra að mjólka ekki eða illa ef þau eru stressuð. Þannig að stress og mjólk eru andstæður. Það má deila um hvort það sé æskilegt að færa afkvæmin frá (lömb eða kálfa) og hvaða tímapunktur sé heppilegastur til þess; hér eru ýmsar leiðir hugsanlegar.

En mjólkurframleiðsla til manneldis ein og sér er ævagamall menningararfur sem er beggja hagar – manns og dýrs. Ekki síst: Án mjólkurframleiðslu væru þessi dýr ekki til. Þetta er lykilatriði, ekki síst á Íslandi sem er með sérstöðu: Íslenska mjólkurkýrin er landnámskyn, aðlöguð að íslenskum aðstæðum í þúsund ár svo gott sem án innblöndunar, erfðafræðilega sérstaklega fjölbreytt. Í öðrum löndum eru slík kyn í útrýmingarhættu og miklir peningar eru varnir til að varðveita þau. Hvergi annars staðar í vestrænum heimi sér þess háttar kyn alfarið um mjólkurframleiðslu heillar þjóðar (auk ferðamanna) – sem tryggir íslensku kúnni á sama tíma að breiði erfðagrunnurinn og ræktunarframfarir verði varðveitt um ókomna tíð.

Að lokum: Fæstir í dag hafa smakkað íslenska sauðamjólk eða íslenska geitamjólk. Ólíkt öðrum löndum er yfirleitt ekkert “sterkt” bragð á þessum mjólkurtegundum hér; íslensk geitamjólk minnir mjög á íslenska kúamjólk. Sauðamjólk bragðast allt öðruvísi og bragðið breytist líka mikið yfir sumarið; samt er bragðið yfirleitt ekki “sterkt” ef mjólkinn er ný.

Eitt enn: *Broddur eða broddmjólk* – mjólkinn með allt aðra samsetningu sem verður til rétt eftir burð og sem er lífsnauðsynleg fyrir afkvæmin til að mynda mótstöðu gegn sýkla – er ekki hluti af staðalmjólkurframleiðslu, þess vegna kemur hún ekki fram í þessum myndböndum.

En hún hefur verið notuð í margar aldir sem “ábrestir” eða “ábrestir”, þ.e. henni er hleypt í vatnsbaði og verður þá eins og stífur búðingur. Broddmjólkin er eina mjólkin sem má selja ógerilsneidda og hún fæst stundum frosna beint frá bónda (t.d. á Glitstöðum (Norðurárdal/Vesturlandi), Erpsstöðum (Dölum), í Huldubúð/Stóra-Dunhaga og Holtseli (Eyjafirði) og í Vallakoti (Aðaldal)) eða í sælkeraverslunum).

Hvað verður úr kálfunum, lömbunum og kiðlingunum?

Án afkvæmis er engin mjólk. Í stuttu máli verða afkvæmin

- annaðhvort næsta kynslóðin (ný mjólkurkýr, ær, huðna – eða nýtt þarfanaut/sæðinganaut, nýr hrútur, nýr hafur til undaneldis)
- eða sláturdýr – sem eru þá hluti af kjötframleiðslunni.

Meira um efnið:

- Myndbandið “Íslenskt búfé (landnámskynin), hluti 2: sauðkindin”
- Myndbandið “Íslenskt búfé (landnámskynin), hluti 3: geitin”
- Myndbandið “Íslenskt búfé (landnámskynin), hluti 4: kýrin”

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Er mjólk bara einhver hvítur vökvi sem rennur um eins og vatn? Til hvers er mjólk?
- Hvaða mjólkurdýr eru til á Íslandi?
- Voru kýrnar alltaf aðalmjólkurdýrin?
- Hvað er sameiginlegt við mannfólk og kálf?
- Hvernig líður kúnni þegar hún er mjólkuð?
- Hafði þið smakkað sauðamjólk eða geitamjólk? Var það hér heima eða í útlöndum?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net